

EFTIRLITSSKÝRSLA

Langanesbyggð Bakkaf Bakkafjörður



Dags eftirlits	18.9.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Langanesbyggð Bakkaf	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Fjarðarvegi 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	420369-1749	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarnheiður Jónsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Rúnar Jónsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlit. Annað frávik varðar skort á skráningum á einstaka töluliðum, þ.m.t. niðurstöðum mælinga á vöktun yfirborðsvatns og hitt frávik varðar sein skil á skráningum. Niðurstöðum skráninga var skilað 20. júní og telst því frávik lokið.

Engar ábendingar eru lagðar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Langanesbyggðar í Bakkafirði í samræmi við 57. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Urðunarstaðurinn hefur heimild til að taka á móti og urða allt að 200 tonn af úrgangi á ári. Þær tegundir úrgangs sem má taka á móti á urðunarstað er meðhöndlaður úrgangur sem flokkast ekki sem spilliefni og fellur í flokk 02 og 20 sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Gildistími starfleyfis er til 21.03.2034.

Dagskrá eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Vöktunarmælingar
- Staða úrgangsmála sveitarfélagsins
- Skoðunarferð um rekstrarsvæðið

Samtals var urðað 197,6 tonn af úrgangi í Bakkafirði árið 2022. Af því tilheyrir 44,6 % blönduðum heimilisúrgangi, 36,0% blönduðum óskilgreindum úrgangi frá rekstri, 8,5% lífrænum úrgangi og 10,8% timburúrgangi. Árið 2019 gerði Langanesbyggð umhverfisstefnu fyrir urðunarstað Bakkafjarðar, fyrir árin 2019-2023. Markmiðið var að draga úr magni urðaðs úrgangs og að fjórum árum liðnum yrði ekki urðað meira en 165 tonn af úrgangi. Séu úrgangstölur síðasta árs bornar saman við úrgangstölur ársins 2018, sem notað er til viðmiðunar, stendur magn urðaðs úrgangs í stað. Mögulega liggja tækifæri í betri flokkun á lífrænum úrgangi sem og markvissari úrgangsstjórnun hjá rekstraraðila.

Uppfæra þarf umhverfisstefnuna og endurskoða hana með tilliti til þeirra áskorana sem fylgja úrgangsmálum sveitarfélagsins, þar sem hún gildir út árið 2023.

Síðast var farið í eftirlit á urðunarstað Bakkafjarðar árið 2022. Engin frávik komu fram við það eftirlit en útistandandi voru þrjú eldri frávik. Vörðuðu þau að vantaði hluta af skráningum umhverfis- og rekstrarþátta, að skráningum var ekki skilað innan tilskilins tíma og nokkuð var um að úrgangur var geymdur á urðunarstað. Var úrbótaáætlun samþykkt þar sem þessum frávikum var fylgt eftir að hluta.

Vinnur rekstraraðili markvisst að því að ná betra utanumhaldi á skilum starfleyfis héðan af. Komin er til starfa nýr starfsmaður sem mun halda utan um þau mál. Rekstraraðili óskaði eftir leiðbeiningum um þær mælingar sem þarf að skila er tengjast innri vöktun starfleyfis í tölvupósti þann 26. apríl síðastliðinn. Bent er á að þegar öllum mælingum og skráningum er safnað saman, eigi þau að berast í einni skýrslu til eftirlitsaðila, ásamt sýnatökuniðurstöðum frá rannsóknarstofum. Ásamt því er minnt á að skýrslunni með öllum skráningum sem upp er talið í 4.4 í starfsleyfi er svo skilað til eftirlitsaðila fyrir 1. maí fyrir undangengið rekstrarár, sjá nánar umfjöllun í 4.4. í starfsleyfi.

Varðandi mælingar ársins 2022, hafa skilað sér mælingar úr brunnum, er varða samsetningu grunnvatns.

Engar athugasemdir eru gerðar varðandi þær mælingar. Stöðu grunnvatns úr brunnum var skilað samkvæmt áætlun. Vantar inn mælingar á samsetningu yfirborðsvatns og magn yfirborðsvatns sem gerð er 1 x á ári, fyrir 1. okt.. Veðurfarsupplýsingar liggja fyrir frá Mðfjarðarnesi.

Viðbragðsáætlun, umhverfismarkmið og gild ábyrgðatrygging liggja fyrir, og barst eftirlitsaðila afrit af þeim.

Farið var í skoðunarferð á urðunarstað. Engar athugasemdir eru gerðar varðandi verklag og aðkomu lóðar urðunarstaðar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
grein 4.1 í starfsleyfi er varðar innra eftirlit:	Vantar inn skráningar á liðum 3-4 ásamt niðurstöðum vöktunarmælinga í heild sinni. Vantar inn mælingar og skráningar á samsetningu og magni yfirborðsvatns sbr. 4.2. í starfsleyfi.
grein 4.4 í starfsleyfi er varðar skýrslugjöf:	Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Var niðurstöðum mælinga skilað þann 20.júní síðastliðinn.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir

